



Hæstiréttur Íslands
Ársskýrsla 2003





Hæstiréttur Íslands
Ársskýrsla 2003

Hér gefur að líta ársskýrslu Hæstaréttar Íslands. Í henni er að finna upplýsingar um starfsemi réttarins á árinu 2003.

Í janúar 2004

Símon Sigvaldason
skrifstofustjóri
Hæstaréttar Íslands






Ný mál árið 2003

Að neðan gefur að líta yfirlit yfir fjölda þeirra mála sem bárust Hæstarétti á árinu 2003. Til samanburðar eru birtar tölur fyrir árin 1997-2002. Málunum er annars vegar skipt í áfrýjuð mál, sem flutt eru munnlega fyrir réttinum og kærómál, sem eru yfirleitt skriflega flutt. Hins vegar er málunum skipt eftir því hvort um er að ræða einkamál eða opinber mál.

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Áfrýjun:							
Einkamál	254	265	223	235	240	257	240
Opinber mál	75	75	58	63	63	73	74
Kæurur:							
Einkamál	104	105	111	81	92	131	127
Opinber mál	91	66	113	84	66	113	56
	524	511	505	463	461	574	497

Svo sem sjá má af þessu hefur málum fækkað nokkuð fyrir Hæstarétti frá fyrra ári og er nú nálægt meðaltali síðustu ára.

Ný mál 1997–2003






Dómar á árinu 2003

Hér að neðan er að finna yfirlit um fjölda dæmdra mála í Hæstarétti á árinu 2003. Til samanburðar eru birtar tölur fyrir árin 1997-2002. Er máluum sem fyrr skipt í áfrýjuð mál og kærúmál.

Dómar 1997–2003



- Dómar í kærúmálum v. opinberra mála
- Dómar í kærúmálum v. einkamála
- Dómar í áfrýjuðum opinberum málum
- Dómar í áfrýjuðum einkamálum

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Áfrýjun:							
Dómar í einkamálum	200	230	264	200	207	194	193
Dómar í opinberum málum	60	56	88	54	56	62	67
Kæur:							
Dómar í einkamálum	98	111	103	84	93	127	125
Dómar í opinberum málum	82	61	111	81	61	106	55
	440	458	566	419	417	489	440

Alls var meðferð 440 mála lokið á árinu, sem er fækkun frá fyrra ári. Má skýra þá fækkun að mestu leyti með færri innkomnum kærúmálum í opinberum málum. Af 260 munnlega fluttum málum var 1 mál flutt fyrir 7 dómurum, 85 mál voru flutt fyrir 5 dómurum en 174 mál voru flutt fyrir 3 dómurum. Dómarar skiluðu sératkvæði 9 sinnum á árinu. Í sératkvæðum sínum skiluðu dómarar 6 sinnum annari efnislegri niðurstöðu, 2 sinnum annari niðurstöðu að hluta og einu sinni var dómari sammála niðurstöðu meirihlutans með öðrum rökstuðningi.



Skipting dæmdra mála eftir málsúrslitum árinu 2003

Eftirfarandi er skipting dæmdra mála á árinu 2003 eftir málsúrslitum. Er málunum sem fyrr skipt í áfrýjuð mál og kærumál. Til samanburðar er sambærilegt yfirlit fyrri ára.

Áfrýjun


Einkamál

Heildarfjöldi áfrýjaðra einkamála sem dæmd voru á árinu 2003 er 193 mál. Þar af var niðurstaða héraðsdóms staðfest í 106 málum. Í 20 málum var niðurstöðu héraðsdóms breytt að einhverju leyti og í 49 málum var niðurstöðu héraðsdóms breytt að verulegu leyti eða snúið við. Í 18 tilvikum var málum vísað frá, þau felld niður eða héraðsdómur ómerktur.


Opinber mál

Alls voru dómar í opinberum áfrýjuðum málum 67 á árinu 2003. Þar af var niðurstaða héraðsdóms staðfest í 30 málum. Niðurstöðu héraðsdóms var breytt að einhverju leyti í 25 málum og eru þar með taldar breytingar á refsingum. Í 9 málum til viðbótar var niðurstöðu héraðsdóms breytt að verulegu leyti eða snúið við. Í 3 tilvikum var héraðsdómur ómerktur, málum vísað frá eða þau felld niður.

Dómar í einkamálum




Dómar í opinberum málum





Dómar í kærumálum



- Staðfest
- Breytt að verulegu leyti eða snúið við
- Ómerking eða frávísun frá héraðsdómi eða Hæstarétti

Kæur

Alls voru kveðnir upp dómar í 180 kærumálum á árinu 2003. Þar af var niðurstaða héraðsdóms staðfest í 112 málum. Niðurstöðu héraðsdóms var breytt að verulegu leyti eða snúið við í 46 málum og 22 málum var vísað frá héraðsdómi eða Hæstarétti eða meðferð þeirra ómerkt.



Ódæmd mál 31. desember 2003

Áfrýjanir

Eftirfarandi er yfirlit yfir ódæmd mál sem áfrýjað hafði verið til Hæstaréttar fyrir 31. desember 2003. Til samanburðar eru tölur frá 2002.

Ódæmd mál 31. desember	2002	2003
Áfrýjun		
Einkamál:		
Alls ódæmd	110 mál	124 mál
Par af:		
Frestað til flutnings	61 mál	72 mál
Frestað til þingfestingar eða greinargerðar	49 mál	52 mál
Opinber mál:		
Alls ódæmd	20 mál	24 mál
Par af:		
Tilbúin til flutnings	20 mál	13 mál
Ágrip ekki komið	7 mál	11 mál

Fjöldi ódæmdra mála í árslok hefur aukist óverulega frá fyrra ári.

Kærum

Eftirfarandi er yfirlit yfir ódæmd kærumál sem skotið hafði verið til Hæstaréttar fyrir 31. desember 2003. Til samanburðar eru tölur frá 2002.

Ódæmd mál 31. desember	2002	2003
Kærum:		
Alls ódæmd	10 mál	11 mál



Áfrýjunarleyfi

Heimildir til áfrýjunar mála til Hæstaréttar er að finna í XXV. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og XVIII. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Almenn er heimilt að áfrýja máli nema sérstök atvik eigi við. Eru það einkum mál sem varða lágar fjárhæðir (á árinu 2003 var miðað við mál sem vörðuðu fjárkröfur eða sektir lægri en 410.991 krónur) sem sæta takmörkunum að þessu leyti. Getur Hæstiréttur þó heimilað áfrýjun slíkra mála að nánar tilteknum skilyrðum fullnægðum. Eftirfarandi er yfirlit yfir fjölda mála þar sem áfrýjun var heimiluð sérstaklega af Hæstarétti. Til samanburðar eru tölur frá árunum 1998-2002.

Ár	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Fjöldi beiðna	54	63	50	68	53	46
Samþykkt	14	24	17	25	25	22
Hafnað	32	34	26	33	28	22
Afturkallað/óafgreitt	8	5	7	10	0	2

Endurupptaka mála

Niðurstöður héraðsdóma sem ekki hefur verið áfrýjað og mála sem dæmd hafa verið í Hæstarétti verða því aðeins endurskoðaðar, að Hæstiréttur ákveði að málið skuli endurupptekið og tekið til meðferðar að nýju. Heimildum til endurupptöku mála er almenn skorinn nokkuð þröngur stakkur og er þær að finna í XXII. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og XXVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Á árinu 2003 bárust Hæstarétti alls 19 beiðnir um endurupptöku óáfrýjaðra héraðsdóma og hæstaréttardóma. Af þessum beiðnum voru 4 samþykktar, 8 hafnað og 1 var felld niður. Sex endurupptökubeiðnir biðu afgreiðslu í árslok.



Dómarar

Frá stofnun Hæstaréttar hafa 40 menn verið skipaðir í embætti hæstaréttardómara. Þar af voru 18 dómarar skipaðir í embætti á árunum 1980-2001, 10 dómarar á árunum 1960-1980, en einungis hlutu 11 dómarar skipun á þeim 40 árum sem liðu frá stofnun réttarins árið 1920 til ársins 1960. Helgast þessi fjölgun á skipunum hæstaréttardómara meðal annars af því að reglur um fjölda hæstaréttardómara hafa breyst í gegnum tíðina. Þegar Hæstiréttur Íslands var stofnaður skyldi dómstjóri og fjórir meðdómendur skipa dóminn. Mátti þá eigi setja dóm með færri dómendum en fimm. Dómurum við Hæstarétt var fækkað í þrjú með lögum nr. 37/1924. Með lögum nr. 111/1935 var dómurum aftur fjölgað í fimm, en þeir skyldu þó aðeins vera þrír, þangað til fé yrði veitt í fjárlögum til fjölgunar dómurum. Komst það til framkvæmda 1945. Dómurum var fjölgað með lögum nr. 42/1973 í sex, en fimm dómarar skyldu þá skipa dóm. Þó var heimilt að þrír dómarar dæmdu í málum við tiltekinn skilyrði. Með lögum nr. 24/1979 var dómurum fjölgað í sjö og enn var dómurum fjölgað í átta, með lögum nr. 67/1982. Með lögum nr. 39/1994 var dómurum síðan fjölgað í níu.

Úr þingsal

Aftari röð frá vinstri: Ólafur Börkur Porvaldsson, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gunnlaugur Claessen og Árni Kolbeinsson.

Fremri röð frá vinstri: Pétur Kr. Hafstein, Markús Sigurbjörnsson, Guðrún Erlendsdóttir forseti, Hrafn Bragason og Garðar Gíslason.

Á árinu 2003 höfðu eftirtaldir dómarar fasta skipun í embætti hæstaréttardómara:

Árni Kolbeinsson hæstaréttardómari
 Garðar Gíslason hæstaréttardómari
 Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari
 Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari
 Haraldur Henrysson hæstaréttardómari
 (til 1. september 2003)
 Hrafn Bragason hæstaréttardómari
 Ingibjörg Benediktsdóttir hæstaréttardómari
 Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari
 Ólafur Börkur Porvaldsson hæstaréttardómari
 (frá 1. september 2003)
 Pétur Kr. Hafstein hæstaréttardómari

Á árinu 2003 var Guðrún Erlendsdóttir forseti Hæstaréttar, en Markús Sigurbjörnsson varaforseti réttarins.

Annað starfsfólk Hæstaréttar

Á árinu 2003 störfuðu alls 15 aðrir starfsmenn hjá Hæstarétti Íslands.

Arnar Pór Jónsson aðstoðarmaður hæstaréttardómara
(frá 15. ágúst 2003)

Berglind Ósk Agnarsdóttir ræstingarmaður

Gizur Bergsteinsson aðstoðarmaður hæstaréttardómara
(til 24. september 2003)

Grétar Sæmundsson dómvörður
(frá 1. september 2003)

Guðmundur Guðmundsson dómvörður
(til 1. september 2003)

Guðmundur Jónsson dómvörður (til 1. mars 2003)

Halldór Björnsson aðstoðarmaður hæstaréttardómara
(frá 8. ágúst 2003)

Jakobína Sveinsdóttir bókasafnsfræðingur

Jóna Björk Helgadóttir aðstoðarmaður hæstaréttardómara
(í leyfi frá 1. júní 2003)

Kristín Benediktsdóttir aðstoðarmaður hæstaréttardómara

Kristín Guðmundsdóttir ritari

Kristín Ísleifsdóttir ritari

Selma Antonsdóttir ritari

Sigvaldi Guðmundsson dómvörður (frá 1. mars 2003)

Símon Sigvaldason skrifstofustjóri



Varadómarar

Eftirtaldir varadómarar voru kallaðir til starfa á árinu 2003:

Arnliótur Björnsson fyrrverandi hæstaréttardómari
Haraldur Henrysson fyrrverandi hæstaréttardómari
Stefán Már Stefánsson prófessor
Viðar Már Matthíasson prófessor



Heimasíða Hæstaréttar

Hæstiréttur opnaði heimasíðu sína á netinu í janúar 1999. Var það aðallega gert í því skyni að gera dóma réttarins aðgengilega fyrir sem flesta. Á heimasíðu Hæstaréttar er að finna ýmis konar upplýsingar um starfsemi réttarins, sem bæði gagnast lögfræðingum og almenningi.

Ekkert gjald er tekið fyrir uppflettingar á heimasíðunni.

Dómasafn Hæstaréttar

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla skulu dómar Hæstaréttar gefnir út, en um tilhögun útgáfunnar fer eftir ákvörðun Hæstaréttar að fengnu samþykki dómsmálaráðherra. Dómasafn Hæstaréttar hefur verið gefið út á prenti frá því rétturinn tók til starfa árið 1920.

Eins og fram hefur komið eru dómar Hæstaréttar einnig birtir á vefsíðu réttarins.



Bæklingur Hæstaréttar


Gefinn er út á vegum Hæstaréttar litprentaður bæklingur, þar sem stiklað er á stóru í sögu réttarins, starfsemi hans reifuð og dómhús við Arnarhól kynnt. Bæklingurinn er gefinn út á íslensku og ensku og er fánlegur endurgjaldslaust á skrifstofu Hæstaréttar.

Ársskýrsla Hæstaréttar

Á vegum Hæstaréttar hafa frá árinu 1999 verið gefnar út ársskýrslur, en þar er að finna upplýsingar um starfsemi réttarins fyrir hvert ár.



Aukatekjur Hæstaréttar



Aukatekjur Hæstaréttar

Á grundvelli laga nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs innheimtir Hæstaréttur aukatekjur fyrir ríkissjóð. Er skipting tekna ársins 2003 þessi:

Útgáfa áfrýjunarstefna	3.381.000
Þingfestingar mála	885.500
Endurrit	149.100
Útgáfa áfrýjunarleyfa	218.500
Samtals	4.634.100

- Útgáfa áfrýjunarstefna
- Þingfestingar mála
- Endurrit
- Útgáfa áfrýjunarleyfa



Prófmál

Samkvæmt lögum nr. 77/1998 um lögmenn ber að beina umsókn um að þreyta prófraun til öflunar málflyttingsréttinda fyrir Hæstarétti til sérstakrar prófnefndar sem í sitja þrjú menn, tveir nefndarmanna tilnefndir af Hæstarétti og einn af Lögmannafélagi Íslands. Dómdendur Hæstaréttar, sem skipa dóm í viðkomandi máli, meta hvort umsækjandi hafi staðist prófraunina.

Á árinu 2003 fluttu 7 prófmenn samtals 5 prófmál og alls luku 2 héraðsdómslögmenn prófraun fyrir Hæstarétti.



Tilnefningar

Á hverju ári tilnefnir Hæstiréttur Íslands í stjórnir, ráð og nefndir á grundvelli laga. Eftirfarandi er yfirlit yfir tilnefningar og skipanir réttarins á árinu 2003.

16. janúar 2003

Kærunefnd skv. lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Aðalmenn:

Ásgeir Magnússon hæstaréttarlögmaður, formaður
Garðar Valdimarsson hæstaréttarlögmaður
Kristján Jóhannsson lektor

Varamenn:

Öm Höskuldsson hæstaréttarlögmaður, varaformaður
Guðrún Helga Brynleifsdóttir héraðsdómslögmaður
Gylfi Magnússon dósent

4. febrúar 2003

Úrskurðarnefnd lögmannna skv. lögum nr. 77/1998

Aðalmaður:

Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður

Varamaður:

Pórunn Guðmundsdóttir hæstaréttarlögmaður

19. mars 2003

Úrskurðarnefnd félagsþjónustu sveitarfélaga

Puríður Jónsdóttir, oddamaður

Margrét Hauksdóttir, varamaður hennar

3. apríl 2003

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála vegna máls nr. 3/2003

Kristján Jóhannsson lektor

29. apríl 2003

Úrskurðarnefnd almannatrygginga skv. lögum nr. 60/1999

Guðmundur Sigurðsson læknir, varaformaður

Lúðvík Guðmundsson læknir, varamaður hans

6. júní 2003

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála vegna máls nr. 11/2003

Ingveldur Einarsdóttir héraðsdómari

26. júní 2003

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála vegna máls nr. 13/2003

Kristján Jóhannsson lektor

8. júlí 2003

Lyfjaverðsnefnd

Aðalmaður:

Sigurmar K. Albertsson hæstaréttarlögmaður

Varamaður:

Jakob R. Möller hæstaréttarlögmaður

6. ágúst 2003

Dómnefnd um umsækjendur um embætti
héraðsdómara

Aðalmaður:

Arnljótur Björnsson

Varamaður:

Haraldur Henrysson

29. september 2003

Gerðardómur Verkfræðingafélags Íslands

Magnús Thoroddsen hrl., dómsformaður

Páll Sigurðsson prófessor

Ragnar Halldór Hall hrl.

14. október 2003

Nefnd skv. lögum um heilbrigðisþjónustu nr.
97/1990

Aðalmenn:

Rúnar Guðjónsson sýslumaður, formaður

Kristín Björnsdóttir dósent

Guðmundur Pétursson læknir

Varamenn:

Ingólfur Hjartarson hrl. varaformaður

Auðna Ágústsdóttir lektor

Guðmundur Georgsson læknir

14. nóvember 2003

Úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála

Guðný Björnsdóttir hdl., formaður

Ragnhildur Benediktsdóttir hdl. varamaður

Gunnlaugur Sigurjónsson, varaformaður

Ósk Ingvarsdóttir, varamaður



17. nóvember 2003

Kærunefnd jafnréttismála ad hoc

Ragnar Halldór Hall hrl., formaður

Valborg P. Snævarr hrl., varaformaður

20. nóvember 2003

Áfrýjunarnefnd skv. lögum nr. 78/1997 um stöðu,
stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar

Aðalmenn:

Rúnar Guðjónsson sýslumaður, formaður

Kristín Briem hrl.

Ásdís Rafnar hrl.

Varamenn:

Páll Sigurðsson prófessor

Karl Axelsson hrl.

Lára G. Hansdóttir hrl.

26. nóvember 2003

Kærunefnd jafnréttismála ad hoc

Aðalmaður:

Oddný Mjöll Arnardóttir héraðsdómslögmaður

Almennar upplýsingar

Samkvæmt 10. gr. dansk-íslensku sambandslaganna nr. 39/1918 skyldi Hæstiréttur Danmerkur hafa á hendi æðsta dómshald í íslenskum málum, þar til Ísland kynni að ákveða að stofna æðsta dómstól í landinu sjálfu. Þessi heimild var notuð umsvifalaust og var Hæstiréttur Íslands stofnaður með lögum nr. 22/1919 um hæstarétt. Samhliða því að dómshald Hæstaréttar Danmerkur var afnumið var Landsyferrétturinn, sem settur hafði verið á stofn árið 1800, lagður niður og hafa dómstigin í landinu síðan verið tvö. Hæstiréttur Íslands tók til starfa 16. febrúar 1920.

Um Hæstarétt er nú kveðið á í lögum nr. 15/1998 um dómstóla. Samkvæmt 1. gr. laganna er Hæstiréttur Íslands æðsti dómstóll ríkisins. Hann er áfrýjunardómstóll og hefur aðsetur í Reykjavík. Heimilt er þó að halda dómþing annars staðar sé til þess sérstök ástæða. Þar sem Hæstiréttur er áfrýjunar- eða málskotsdómstóll felast verkefni hans einkum í því að endurskoða dómsat-hafnir héraðsdómstólanna, sem eru alls átta talsins. Aðrir dómstólar eru Félagsdómur og Landsdómur og verður úrlausnum þeirra yfirleitt ekki skotið til Hæstaréttar.

Málum verður skotið til Hæstaréttar með tvenns konar hætti: Annars vegar með áfrýjun dóms, hins vegar með kæru. Með áfrýjun er átt við það, að lokaúrlausn héraðsdóms í formi dóms sé skotið til Hæstaréttar til endurskoðunar. Til þess að dómi verði áfrýjað þarf að vera fyrir hendi heimild til þess í lögum og er áfrýjunarheimildirnar að finna í XXV. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og XVIII. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Í lögnum eru áfrýjunarheimildirnar skilgreindar neikvætt á þá leið, að almennt er heimilt að áfrýja máli nema sérstök atvik eigi við. Eru það einkum mál sem varða lágar fjárhæðir sem sæta takmörkunum að þessu leyti, en Hæstiréttur getur þó einnig heimilað áfrýjun slíkra mála að nánar tilteknum skilyrðum fullnægðum.

Með kæru er almennt átt við það, að úrlausn héraðsdómstóls, sem ekki bindur endi á mál að efni til og yfirleitt er í formi úrskurðar eða ákvörðunar, sé skotið til Hæstaréttar. Hér má til dæmis nefna úrskurði héraðsdómara um hvort hann víki sæti í máli og úrskurði um gæsluvarðhald. Í sumum tilvikum verður þó endanlegum úrlausnum héraðsdómstóla skotið til Hæstaréttar með kæru, en ekki með áfrýjun, einkum úrlausnum sem varða gildi svokallaðra fullnustugerða sýslumanna, t.d. aðfarargerða og nauðungarsölu. Heimildir til kæru er einkum að finna í í XXIV. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og XVII. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, en einnig í ýmsum sérlögum, t.d. lögum nr. 90/1989 um aðför og lögum nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

Áfrýjuð mál eru almennt flutt munnlega fyrir Hæstarétti. Eftir ákvörðun forseta Hæstaréttar taka þrír eða fimm dómarmenn við Hæstarétt þátt í meðferð máls fyrir dómi. Í sérstaklega mikilvægum málum getur forseti þó ákveðið að sjö dómarmenn skipi dóm. Meðferð kærumála er mjög frábrugðin meðferð áfrýjaðra mála. Felast frávikin aðallega í því að málsmeðferð er skrifleg og gengur mun skjótar fyrir sig en ella.

Dómar Hæstaréttar eru endanlegir og verður þeim ekki skotið til neins annars dómstóls. Mál sem dæmt hefur verið í Hæstarétti verður því aðeins endurskoðað, að Hæstiréttur ákveði að málið skuli endurupptekið og tekið til meðferðar að nýju. Heimildum til endurupptöku mála er almennt skorinn nokkuð þröngur stakkur og er þær að finna í XXII. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og XXVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Nánari upplýsingar um sögu Hæstaréttar, starfsemi, starfsfólk og dómhús réttarins má finna á heimasíðu réttarins. Þá hefur verið gefinn út á vegum réttarins litprentaður bæklingur, þar sem stiklað er á stóru í sögu réttarins, starfsemi hans reifuð og húsakostur kynntur.



Hæstiréttur Íslands

Dómhúsinu við Arnarhól

150 Reykjavík

Sími: 510 3030, fax: 562 3995

heimasíða: www.haestirettur.is

